

Fimmtudaginn 5. október 1995.

Nr. 483/1993.

**Gísli M. Sigmarsson og****Sigmar Gíslason**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Tryggingastofnun ríkisins**

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

Sjómenn. Almannatryggingar. Kröfuréttur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1993. Þeir krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða 1.077.375 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtala­ga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1990 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða 430.950 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur, sem báru óskipta ábyrgð á útgerð m/s Katrínar, VE-47, krefja stefnda um endurgreiðslu á launum, sem þeir kveðast sem útgerðarmenn hafa greitt áfrýjanda Gísla á grundvelli 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 í forföllum hans frá starfi skipstjóra vegna slyss. Byggja þeir endurgreiðslukröfuna á 1. mgr. 77. gr. þágildandi laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

Endurkrafa samkvæmt síðastnefndu lagaákvæði er háð því frumskilyrði, að fyrir hendi sé lögvarin krafa skipverja á hendur útgerðar­manni á grundvelli 36. gr. sjómannalaga. Þótt áfrýjandi Gísli hefði orðið óvinnufær, gat hann ekki sem skipverji öðlast lögvarða kröfu á hendur sjálfum sér sem útgerðar­manni, enda getur enginn átt kröfurétt á hendur sjálfum sér. Skilyrði voru því ekki til greiðslu úr hendi stefnda á grundvelli 1. mgr. 77. gr. laga nr. 67/1971. Þegar af þessari ástæðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Gísli M. Sigmarsson og Sigmar Gíslason, greiði stefnda, Tryggingastofnun ríkisins, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. nóvember 1993.**

## 1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 22. október sl., hefur Gísli M. Sigmarsson, kt. 091037-3519, Faxastíg 47, Vestmannaeyjum, og Sigmar Gíslason, kt. 271257-2449, Illugagötu 62, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. mars 1993, á hendur Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 1.077.375 kr. auk dráttarvaxta [... svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru eftirgreindar: aðallega, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda, til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnendum 430.950 kr. með vöxtum, eins og krafist er af stefnanda af þeirri fjárhæð. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnendur verði dæmdir in solidum til að greiða stefnda málskostnað. Þess er krafist, að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt á þóknun lögmanns síns.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

## 2.0.

Feðgarnir Gísli M. Sigmarsson og Sigmar Gíslason, stefnendur máls þessa, áttu og gerðu út ms. Katrínu, VE-47, um árabíl, allt til 10. janúar 1992, er hlutafélag tók við rekstri bátsins. Sameign þeirra feðga var með þeim hætti, að Gísli átti 60% í skipinu, en Sigmar 40%, og höfðu þeir ekki með sér félag um reksturinn. Skattframtöl og skattskil voru eingöngu gerð í nafni Gísla, sem verið hefur skipstjóri á skipinu.

Hinn 20. júlí 1979 slasaðist Gísli, þegar hann var að mála bátinn. Hann brotnaði þá illa á hægri ökklið, og þrátt fyrir tvær læknaaðgerðir hafði hann ekki hlotið fullan bata, er hann varð aftur fyrir slysi við störf sín um borð í bátnum 1. apríl 1989. Þá vildi það óhapp til um borð, þar sem skipið var státt á Örafagrundi að fiska í siglingu á Bretlandsmarkað, að Gísli rann í stíga í brú skipsins og slasaðist á fæti. Snerist Gísli illa á hægri fæti um ökkla.

Skýra stefnendur svo frá, að 15. júní 1989 hafi Gísli komist að á Borgarspítalanum og verið gerð á honum aðgerð. Hafi hann þá orðið að vera fjóra

mánuði í gífsi og síðan með spelkur. Hafi Gísli ekki orðið vinnufær aftur fyrir en í ársbyrjun 1990. Svo sem áður segi, hafi Gísli slasast í vinnuslysi á sama fæti árið 1979, en slysið 1989 hafi gert það að verkum, að hann hafi aftur orðið óvinnufær, sem rekja megi beint til slyssins 1979.

Samkvæmt 46. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 36. gr., hafi útgerðin greitt Gísla staðgengilslaun (aflahlut) í tvo mánuði og síðan kauptryggingu næstu mánuði á eftir. Hafi útgerð ms. Katrínar, VE-47, síðan sótt um endurgreiðslu á staðgengilslaunum (aflahlut) skipstjóra til stefnaða, sem endurgreiði útgerðarmönnum staðgengilslaun fyrstu tvo mánuði í vinnuslysum og síðan dagpeninga.

Í þessu tilviki hafi stefndi greitt útgerðinni dagpeninga fyrir tímabilið 16. júní til 31. desember 1989, 185.888 kr., en neitað að endurgreiða útgerðinni staðgengilslaun vegna Gísla M. Sigmarssonar, meðal annars á þeim forsendum, að skipstjórinn Gísli M. Sigmarsson og útgerðarmaðurinn Gísli M. Sigmarsson væru sami aðili og enginn gæti gert kröfu á sjálfan sig. Hafi Gísli M. Sigmarsson þá átt 60% í ms. Katrínu, VE-47, en Sigmar Gíslason 40% í skipinu. Hinn 10. janúar 1992 hafi verið stofnað hlutafélagið Glóri hf. um rekstur skipsins, og séu eigendur þess stefnendur máls þessa. Hafi þeir ekki framselt hlutafélaginu kröfu sína á hendur stefnda og stefni því málinu í sínu nafni, eins og þeir hafi áður gert.

Í framhaldi af þessari synjun stefnda hafi orðið mikil bréfaskrif milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og stefnda um réttmæti kröfu útgerðarinnar. Hafi þessum deilum lokið með úrskurði Tryggingaráðs, sem kveðinn hafi verið upp 16. nóvember 1990, þar sem kröfu útgerðar ms. Katrínar, VE-47, hafi verið hafnað.

Þar sem útgerð ms. Katrínar, VE-47, þ. e. stefnendur, vilji ekki una þessari niðurstöðu, sem þeir telji ranga, hafi mál verið höfðað til innheimtu kröfunnar. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1992 hafi málinu verið vísað frá dómi ex officio, þar sem það hafi þótt vanreifað, eins og það hafi þá legið fyrir. Með dómi Hæstaréttar 19. mars 1992 hafi hinn kærði frávisunardómur verið staðfestur. Sé því mál þetta höfðað að nýju.

### 3.0.

Málsástæður og lagarök stefnenda eru þessar:

Skipstjóri ms. Katrínar, VE-47, Gísli M. Sigmarsson, hafi slasast við störf sín um borð í skipinu 1. apríl 1989, er hann hafi fallið í stiga út í sjó. Hafi hann af þeim sökum orðið að gangast undir aðgerð og orðið óvinnufær með öllu, sbr. t. d. læknisvottorð. Samkvæmt læknisvottorðum hafi óvinnufærni Gísla árið 1989 verið afleiðing vinnuslyss árið 1979.

Samkvæmt 36. gr., sbr. 46. gr., sjómannalaga nr. 35/1985 sé útgerð skylt

að greiða skipverja staðgengilslaun í tvo mánuði í vinnuslysum. Ákvæði þessi séu skýlaus og afdráttarlaus. Enginn fyrirvari sé í sjómanna­lögum, að það losi útgerð undan greiðsluskylda, að viðkomandi skipverji eigi eignarhlut í skipinu. Breyti engu, hvort sem eignaraðildin sé í formi hlutafélags eða sameignarfélags eða viðkomandi sé einkaeigandi eða sameigandi að skipi og því ekki um hlutafélag eða sameignarfélag að ræða. Greiðsluskylda útgerðar sé afdráttarlaus og með öllu óháð því, hvort viðkomandi eigi eignarhlut í skipi eða eigi aðrar eigur, fasteignir eða lausafé. Skoðun stefnda um hið gagnstæða sé röng. Til þess að svo væri, þyrfti það að koma fram í laga­textanum, en svo sé ekki.

Samkvæmt fram lögðum bréfum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 23. febrúar 1983 og 15. apríl 1983, bréfi Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 6. júní 1983, og lögum nr. 1/1983 um olfusjóð fiskiskipa, olfugjald o. fl. beri stefnda að endurgreiða útgerðarmönnum staðgengilslaun (aflahlut) í allt að tvo mánuði í vinnuslysum, sbr. lög nr. 49/1980, nú 36. gr., og 46. gr. sjómanna­laga nr. 35/1985.

Eins og fram komi í tilgreindum ráðuneytisbréfum, sbr. og greinargerð með frumvarpi til laga um olfusjóð fiskiskipa o. fl., ráðist endurgreiðsluskylda stefnda á staðgengilslaunum algerlega af ákvæðum sjómanna­laga um greiðsluskylda útgerðar í vinnuslysum skipverja á skipi hlutaðeigandi útgerðar. Eini fyrirvarinn af hálfu stefnda sé sá, að þeir, sem séu ekki ráðnir upp á aflahlut, fái aðeins greitt kaup í eina viku, eins og gildi áður. Gísli M. Sigmarsson hafi þegið laun í formi aflahlutar. Breyti hér engu, í hvaða formi viðkomanda sé heimilt að lögum að telja fram til skatts, enda snúist málið ekki um það, hvort stefnandi Gísli M. Sigmarsson hafi talið rétt fram til skatts eða ekki.

Stefndi telji, að í þeim tilvikum, að hinn slasaði skipverji eigi eignarhlut í skipi, beri stefnda ekki greiðsluskylda, ef viðkomandi eigi skip í einkaeign eða sameign, heldur sé greiðsluskyldan eingöngu háð því, að eignaraðild að skipinu sé í félagsformi, þ. e. hlutafélag eða sameignarfélag, en þá endurgreiði stefndi staðgengilslaun. Á þessum tíma hafi skipið verið í sameign Gísla M. Sigmarssonar og Sigmars, sonar hans. Ítreka stefnendur, að slík þrengjandi lögskýring, sem stefndi beiti, eigi ekki við nein rök að styðjast, heldur beri að túlka ákvæði 36. gr., sbr. 46. gr., sjómanna­laga eftir orðanna hljóðan svo og cfni ráðuneytisbréfanna.

---

Þá sé einnig á því byggt, að það eigi að leiða til sýknu, að ákvæði 77. gr. laga nr. 67/1971 taki ekki til slysa, sem verði á útgerðarmanni, og þar sem Gísli M. Sigmarsson hafi verið útgerðarmaður í skilningi ákvæðisins, geti

hann ekki öðlast rétt til bóta úr aukatryggingu þeirri, sem 77. gr. taki til. Þessu til frekari staðfestingar skuli bent á IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, en í þeim kafla sé í 27.–36. gr. að finna ákvæði um slysatryggingar. Almenna reglan um slysatryggingar samkvæmt þessum kafla og reyndar almennt sé sú, að þær séu tryggingar á hagsmunum annarra en hins tryggingarskylda. Af því leiði, að það sé meginregla samkvæmt þessum kafla, að þeir, sem séu tryggingarskyldir, þ. e. atvinnurekendur hvers konar, séu ekki tryggðir, þ. e. eigi ekki rétt á greiðslum úr tryggingunni. Frá þessu sé þó ein undantekning, þ. e. í d-lið 1. mgr. 29. gr. laganna, en þar segi, að útgerðarmenn, sem sjálfir séu skipverjar, séu slysatryggðir samkvæmt „þessum kafla“. Upphafsákvæði 29. gr. mæli skýrlega fyrir um, að sérreglur um útgerðarmann eigi aðeins við um þann tiltekna kafla.

---

## 5.0.

### *Forsendur og niðurstaða.*

Stefnendur reisa rétt sinn á 77. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, en samkvæmt 1. mgr. hennar getur ráðherra ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67/1963, þannig, að Tryggingastofnun ríkisins greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannaög ákveða hverju sinni. Í 1. mgr. 36. gr. nógildandi sjómannalaga nr. 35/1985, sem samsvarar áðurgreindri 18. gr. eldri laga og stefnendur reisa kröfur sínar á, segir m. a., að ef skipverji verði óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verði fyrir, meðan á ráðningartíma standi, skuli hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau séu greidd, svo lengi sem hann sé óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði.

Telja verður, að sönnun um óvinnufærni Gísla M. Sigmarssonar hvíli allsendis á stefnendum málsins, enda hefur stefndi hafnað greiðsluskyldu og mótmælt því, að Gísli hafi verið óvinnufær, er hann gekkst undir skurðaðgerð á sjúkrahúsi 16. júní 1989. Ekki leikur vafi á, að Gísli var nauðsynlegt að fara í umrædda aðgerð, en svo virðist sem sú aðgerð hafi gert hann óvinnufæran. Hafa stefnendur ekki sýnt fram á, að Gísli hafi ekki verið vinnufær fram að þeim tíma, er hann fór í aðgerðina, enda viðurkenndi hann við munnlega skýrslutöku fyrir dómi, að hann hefði verið í vinnu frá slysdegi, þar til hann lagðist inn á Borgarspítalann. Þrátt fyrir nauðsyn umræddrar skurðaðgerðar, verður því að telja, að Gísli hafi verið vinnufær, þegar hann fór í aðgerðina.

Þótt ljóst sé, að Gísli hafi orðið óvinnufær vegna umræddrar skurð-

aðgerðar, verður að fallast á það með stefnda, að túlka beri 36. gr. sjómannalaga á þann veg, að forföll verði að hefjast vegna óvinnufærni. Greinin taki ekki til óvinnufærni, er síðar komi til. Er sú niðurstaða í samræmi við skilning dómstóla til þessa í hliðstæðum málum. Þar sem telja verður, eins og áður sagði, að Gísli hafi verið vinnufær, er hann fór í aðgerðina, telst hann ekki hafa fullnægt þessu skilyrði 36. gr. sjómannalaga, þannig, að greiðslur samkvæmt 77. gr. almannatryggingalaga komi til. Þegar af þessari ástæðu verða kröfur stefnenda ekki teknar til greina, og ber að sýkna stefnda af þeim.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, skal vera sýkn að kröfum stefnenda, Gísla M. Sigmarssonar og Sigmars Gíslasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---